

Organisti við Digranes- og Hjallaprestakall

Organisti við Digranes- og Hjallaprestakall

Starf organista við Digranes- og Hjallaprestakall, Kópavogi, er nú laust til umsóknar. Um er að ræða fullt starf og verður ráðið í starfið frá og með 1. ágúst 2025 eða eftir samkomulagi.

Organisti hefur forystu um allt tónlistarstarf kirknanna, á gott samstarf við starfsfólk og presta kirknanna og veitir stuðning við annað safnaðarstarf eftir þörfum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hljóðfæraleikur og kórstjórn við messur og annað helgihald.
- Forysta með tónlistarstarfi kirknanna.
- Náið samstarf við kórstjóra varðandi utanumhald kórstarfs og annað tónlistarstarf.
- Stuðningur við annað safnaðarstarf Digranes- og Hjallakirkju og samstarf við presta og annað starfsfólk.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kantorspróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar eða sambærileg menntun
- Reynsla af flutningi hefðbundinnar og nýlegrar kirkjutónlistar við helgihald.
- Góð reynsla af kórstjórn.
- Fagleg framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður fyrir fjölbreyttu tónlistarstarfi fyrir alla aldurshópa.
- Áhugi á kirkjustarfi.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi frumkvæði og áhuga á nýjungum í safnaðarstarfi.

Starfskjör, réttindi og skyldur eru samkvæmt kjarasamningi FÍO/organistadeildar FÍH og launanefndar Þjóðkirkjunnar. Við hvetjum fólk til að sækja um starfið óháð kyni og uppruna.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá, stutt kynningarbréf og staðfesting á prófskírteinum.

Umsóknarfrestur er til 8. júní 2025 og skulu umsóknir berast rafrænt á netfangið hjallakirkja@hjallakirkja.is.

Frekari upplýsingar um starfið veita Tinna Rós Steinsdóttir, ritari sóknarnefndar Digraneskirkju í síma 774-1532 og Andrés Jónsson, formaður sóknarnefndar Hjallakirkju í síma 860-1726.

Öllum umsóknum verður svarað.